

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2014, miðvikudaginn 22. október, kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mætt voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 11. júní 2010, fóru eigendur Bergstaða við Tungufljót fram á það við matsnefnd að fram færi mat á arðskrá Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga. Kemur fram í beiðninni að við gerð arðskrár, sem samþykkt hafi verið á aðalfundi Tungufljótsdeildar hinn 12. apríl 2010, hafi einungis verið stuðst við lengd bakka að veiðivatni og arðshlutum ráðstafað með tilliti til þeirrar viðmiðunar. Telji eigendurnir að arðskráin sé andstæð þeim meginsjónarmiðum sem getið sé um í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 sem og II. kafla reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 412/2007, þar sem ekki hafi verið tekið tillit til annarra atriða, s.s. veiðitalna í stangveiði, aðstöðu til stangveiði, flatarmáls og gerðar vatnsbotns. Eigendurnir telji sig hlunnfarna með þeirri skiptingu sem kveðið sé á um í arðskránni og sé því formlega óskað eftir mati nefndarinnar á arðskrá skv. VII. kafla laga nr. 61/2006. Tekið er fram í lok arðskrár-beiðninnar að eigendurnir efist um bægni aðalfundar veiðideildarinnar til að samþykkja arðskrána og að þeir muni því kanna réttarstöðu sína í því sambandi og eftir atvikum kæra hana til Fiskistofu, sbr. 43. gr. sömu laga.

Á grundvelli framangreindrar beiðni, og með vísan til ákv. 4. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 og 11. gr. samþykktar nr. 98/2010 fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga, ákvað matsnefnd að taka beiðnina til meðferðar og afgreiðslu í samræmi við ákvæði 45. gr. laga nr. 61/2006 og III. kafla fyrrnefndrar reglugerðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn föstudaginn 4. nóvember 2011 í félagsheimilinu Aratungu. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga.

Nokkur umræða var á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundaramanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri. Kynnt var bakkalengdarmæling sem unnin hafði verið vegna arðskrármatsins og veiðiréttareigendum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana.

Umboðsmaður eigenda Fells gerði athugasemd við fyrirtöku málsins þar sem hann taldi að ekki væri hægt að gera arðskrá fyrir einstakar deildir, arðskrá yrði að gera fyrir veiðifélagið í heild. Taldi hann að deildin væri ólögleg, enda hefði ekki verið samþykkt í Veiðifélagi Árnésinga að sérdeild starfaði fyrir Tungufljót.

Umboðsmaður Veiðifélags Árnésinga tók til máls og lýsti þeirri skoðun veiðifélagsins að að ekkert væri því til fyrirstöðu að arðskrá væri gerð fyrir deildina. Hins vegar lagði hann áherslu á að einingum fyrir deildina í heild yrði úthlutað þannig að ekki raskaði innbyrðis skiptingu milli svæða hjá Veiðifélagi Árnésinga. Lagði umboðsmaðurinn fram gildandi arðskrá Veiðifélags Árnésinga.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum flest þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

3. Vettvangsganga o.fl.

Tungufljót er ein af þverám Hvítár í Árnæssýslu og er um 40 km langt. Til skamms tíma átti Tungufljót upptök sín í Sandvatni en í því gætir jökulvatns frá Langjökli. Árið 1986 var rennsli úr Sandvatni stíflað og hefur Tungufljót verið að mestu hrein bergvatnsá síðan. Tungufljóti bætist mikið lindarvatn norðaustan Haukadals og frá Haukadalsheiði. Til fljótsins falla nokkrar kaldar lindár í grennd við Haukadal. Þær helstar eru Almenningsá, Beiná og Laugaá, en þær tvær síðarnefndu falla til Almenningsár, sem sameinast Tungufljóti nokkru neðan við Geysissvæðið. Nokkrir smærri lækir falla til Tungufljóts.

Matsnefnd fór að loknum framangreindum fundi 4. nóvember 2011 í vettvangsferð um það svæði sem til mats er. Í samþykktum fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnésinga eru mörk félagssvæðisins ekki skilgreind landfræðilega en tekið fram að deildin nái til tilgreindra jarða sem land eigi að Tungufljóti. Hins vegar er í aðalfundarsamþykkt Veiðifélags Árnésinga um stofnun deildarinnar miðað við að hún nái til svæðisins neðan fossins Faxa að ármótum Hvítár. Sérstakt veiðifélag, Veiðifélagið Faxi, er um Tungufljót ofan við Faxa.

Farið var með ánni frá fossinum Faxa og niður að ármótum við Hvítá. Sérstaklega var skoðað hvernig aðstæður eru á ósasvæðinu, en kvísl úr Hvítá rennur norðan við

Tungueyju og kemur inn í Tungufljót mun ofar en þar sem Tungufljót rennur í meginstraum Hvítár.

4. Afturköllun á matsbeiðni

Með bréfi lögmanns eigenda jarðarinnar Bergstaða, dags. 24. júní 2014, var tilkynnt um afturköllun á beiðni þeirra um arðskrármatið, dags. 11. júní 2010, sem getið er um í 1. kafla hér að framan. Er í bréfinu tekið fram að eigendurnir hafi höfðað mál gegn Veidifélagi Árnesinga til ógildingar á ákvörðun félagsins um stofnun Tungufljótsdeildar og að mat á arðskrá sé því óraunhæft á þessu stigi. Vegna þessa beindi matsnefnd þeirri fyrirspurn til stjórnar Tungufljótsdeildarinnar, með tölvupósti hinn 21. júlí 2014, hvort deildin óskaði eigi að síður eftir því að matsnefnd héldi áfram sinni vinnu við arðskrárgerðina, en fyrir lægi að vinna nefndarinnar vegna hennar væri mjög langt komin. Svar barst við fyrirspurninni í tölvupósti 23. sama mánaðar og kemur þar fram að stjórn deildarinnar óski eftir því að matsnefnd ljúki eigi að síður sinni vinnu við gerð arðskrárinnar. Verður því hér eftir litið svo á að stjórn Tungufljótsdeildarinnar sé matsbeiðandi í máli þessu.

5. Um Tungufljótsdeild

Tungufljótsdeild Veidifélags Árnesinga starfar samkvæmt samþykkt nr. 98/2010, sem staðfest var af Fiskistofu 22. janúar 2010 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 8. febrúar sama ár.

Samkvæmt 4. gr. samþykktarinnar er verkefni deildarinnar að efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og arðsemi veiðihlunninda, t.d. með fiskrækt, og að ráðstafa veiði í samræmi við samþykkt félagsfundar. Er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 6. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda og gerir samninga um veiðileigu vilji aðalfundur ráðstafa veiði á þann hátt. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar.

Í 11. gr. er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

6. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt 3. gr. samþykktar deildarinnar eru félagsmenn skráðir eigendur/ábúendur eftirgreindra jarða og landareigna sem veiðirétt eiga í Tungufljóti: Hrosshagi, Torfastaðir, Vegatunga, Litla-Fljót I, Litla-Fljót II, Reykjavellir, Brautarhóll, Stóra-Fljót, Norðurbrún, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I, Vatnsleysa II, Vatnsleysa III, Heiði, Höfði, Lambhúskot, Hvítárakki, Bræðratunga 1, Bræðratunga 2, Ásakot 1, Ásakot 2, Galtalækur, Borgarholt, Krókur og Bergstaðir.

7. Rekstur veiðivatna

Samkvæmt upplýsingum frá formanni stjórnar Tungufljótsdeildar var í gildi leigusamningur um veiðirétt í Tungufljóti þar til fyrir tveimur árum. Þá óskaði leigutaki eftir að verða leystur undan samningnum og var fallist á þá ósk. Frá þeim tíma hafi enginn leigusamningur verið um veiðirétt í ánni.

8. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum veiðiréttareigendum í kjölfar framangreinds fundar hinn 4. nóvember 2011. Bárust nefndinni bréf frá nokkrum veiðiréttareigendum og verður hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

8.1 Litla-Fljót

Eigendur vísa til þess að jörðin hafi átt veiðirétt í Tungufljóti frá fornu fari. Með landskiptagerð milli jarðanna Litla-Fljóts og Stóra-Fljóts, sem fram fór árið 1939, hafi Litla-Fljót látið af hendi land sitt er lá að Tungufljóti í skiptum fyrir annað land en hins vegar haldið eftir veiðirétti í ánni. Á þeim grundvelli telji eigendurnir sig „eiga bakka- lengd sem nemur milli 700-800 metrum þar sem merkt er með brotalínu“ á yfirlitsmynd sem fylgdi með bréfinu.

8.2 Stóra-Fljót

Bréfitari kveðst vera eigandi að Stóra-Fljóti, en hún hafi keypt íbúðarhús (lögbyli) með veiðirétti í Tungufljóti á árinu 2003. Um sé að ræða elsta húsið á Reykholtssvæðinu, byggt árið 1940, og viðbyggingu frá árinu 1985. Er í bréfinu vísað til þess að fyrri eigendur Stóra-Fljóts hafi selt spildur úr jörðinni en aðeins í einu tilviki, við sölu spildu til Stéttarfélagsins Dagsbrúnar, sem nú heiti Efling, hafi verið tiltekið að veiðiréttur fylgdi við sölu. Lýsir eigandinn undrun sinni á fjölda þeirra sem sagðir séu eiga veiðirétt í ánni á þessu svæði og dregur í efa að allir þeir sem keypt hafi spildu við ána hafi þar með eignast samsvarandi veiðirétt. Kveðst eigandinn „eiga töluverðan rétt ef ekki allan á veiðirétti þeim sem til fellur á landsvæði Stóra-Fljóts þó landsvæðið sé aðeins þessir 2 þúsund fermetrar sem húsið stendur á samkvæmt gömlum lögum sem engin leið er að breyta eftir hentistefnu (Stóra-Fljót seldi Eflingu veiðirétt þó ólöglegt væri)“.

8.3 Vegatunga

Af hálfu landeigenda er vakin athygli á því að Vegatunga hafi upphaflega verið hluti af Torfastöðum og þegar heimalandi jarðanna hafi verið skipt hafi veiðiréttindin í Tungufljóti verið áfram í óskiptri sameign jarðanna að jöfnum hlut. Hafi báðar jarðirnar þó frá upphafi átt sjálfstæða aðild að veiðifélaginu með atkvæðisrétti og séu veiðiréttindin metin sjálfstætt til fasteignamats.

8.4 Bergstaðir

Talsmaður eigenda jarðarinnar tekur fram í bréfi sínu til matsnefndar að margt hafi skýrst varðandi deildir í veiðifélögum frá því þeir settu fram beiðni um arðskrámat með vísan til 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þannig beri í fyrsta lagi að geta þess að Tungufljótsdeildin hafi ekki orðið til á þann hátt sem lög geri ráð fyrir, þ.e.a.s. með breytingum á samþykktum Veiðifélags Árnesinga, þar sem 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna þurfi til. Í öðru lagi geri löginn ekki ráð fyrir að veiðifélag geti haft nema eina arðskrá innan sinna vébanda, en í gildi sé arðskrá Veiðifélags Árnesinga frá árinu 1963. Í ljósi þessa sjái eigendurnir ekki ástæðu til, að svo stöddu, að senda inn frekari gögn til matsnefndar varðandi veiðirétt. Loks er upplýst að eigendurnir hafi falið lögmanni að höfða mál til ógildingar á stofnun Tungufljótsdeildar.

8.5 Fell

Talsmaður félags sem kveðst eiga 8/9 hluta jarðarinnar lýsir þeirri skoðun í bréfi til nefndarinnar að það samrýmist ekki gildandi lögum að gera sérstaka arðskrá fyrir Tungufljótsdeild. Þá liggja fyrir að Veiðifélagi Árnesinga hafi ekki verið deildaskipt í samræmi við 39. gr. laga nr. 61/2006 og reglugerð nr. 1024/2006 og hafi deildin því engan lögmætan grundvöll. Komi hins vegar fram beiðni um að arðskrá Veiðifélags Árnesinga verði tekin upp í heild sinni muni þessir eigendur jarðarinnar setja fram kröfur sem varðað geti mat á arði jarðarinnar.

9. Skipting arðs

9.1 Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvarrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 11. gr. samþykktu fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 skal við niðurböfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurböfnun veiði eða úthlutun arðs af henni.

Í arðskrámati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 9.2, 9.3 og 9.4 er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einingum er skipt með tilliti til þeirra þátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Skiptingu eininga á einstakar fasteignir má sjá í kafla 11. Matsnefnd tekur fram, í tilefni af athugasemd umboðsmanns Veiðifélags Árnesinga, sem getið er um í kafla 2 hér að framan, að nefndin telji hvorki lagaheimildir né efni standa til þess að víkja í neinu frá

þeim viðmiðum sem kveðið er á um í fyrrnefndum lögum og reglugerð við gerð þessarar arðskrár enda þótt henni sé einungis ætlað að ná til deildar í veiðifélagi. Verður úthlutun eininga í úrskurði þessum því hagað á sama hátt og í öðrum úrskurðum matsnefndar.

Eins og rakið er í kafla 8.1 hér að framan halda eigendur Litla-Fljóts því fram að í landskiptum milli jarðanna Litla-Fljóts og Stóra-Fljóts á árinu 1939 hafi Litla-Fljót látið af hendi 700-800 m spildu við Tungufljót í skiptum fyrir annað land en hafi eigi að síður haldið veiðiréttinum í ánni vegna spildunnar samkvæmt sérstöku ákvæði þar um. Af þessu tilefni var eiganda Brautarhóls gefinn kostur á að tjá sig skriflega um þessa fullyrðingu eigenda Litla-Fljóts, með bréfi, dags. 26. ágúst 2014. Ekkert svar hefur borist matsnefnd. Með hliðsjón af fram komnum upplýsingum telur matsnefnd að ekki verði annað ráðið en að það landsvæði sem hér um ræðir sé allt innan þess svæðis, sem í mælingum veiðifélagsins er talið tilheyra Brautarhóli. Fyrir liggja í málinu skiptayfirlýsingar sem virðast benda til þess að Litla-Fljót eigi veiðirétt í ánni á þessu svæði þrátt fyrir að eiga þar ekki land. Þar sem hins vegar verður ekki skýrlega af fyrirbyggjandi gögnum ráðið hvernig skiptingu veiðiréttar er háttað milli þessara aðila telur matsnefnd rétt að úthluta arði vegna svæðisins án þess að nokkur afstaða sé til þess tekin hvort og þá hvernig skipta skuli arði milli þessara aðila innbyrðis.

Í kafla 8.2 eru rakin sjónarmið eiganda 0,2 ha spildu og íbúðarhúss, landnr. 176483, en hann kveðst hafa keypt þá eign á árinu 2003 sem jörðina Stóra-Fljót og að henni hafi fylgt við kaupin veiðiréttur í Tungufljóti. Virðist eigandinn líta svo á að um sé að ræða allan veiðirétt sem áður tilheyrði jörðinni Stóra-Fljóti, en jörðinni hefur verið skipt upp í margar landspildur. Tvær þessara spildna liggja að Tungufljóti. Er hér annars vegar um að ræða eignina Stórafljót, landnr. 167511, og hins vegar Fljótshamra, landnr. 175206. Fyrrnefndu eignina keypti Verkamannafélagið Dagsbrún, nú Efling stéttarfélag, með kaupsamningi og afsali, dags. 18. apríl 1944. Í samningnum kemur fram að þar fylgi öll afnotaréttindi, þar með talinn réttur til veiða í Tungufljóti. Síðarnefndu eignina keyptu Geirharður Þorsteinsson og Guðný Helgadóttir með kaupsamningi og afsali, dags. 17. október 2000. Fyrir liggur að fyrrgreind 0,2 ha landspilda, merkt Stórafljót landnr. 176483 í fasteignaskrá, liggur hvergi að Tungufljóti. Með hliðsjón af því, og þar sem ekkert er fram komið um að veiðiréttur í Tungufljóti hafi verið skilinn frá landspildunum tveimur við sölu þeirra til framangreindra aðila, og reyndar sérstaklega tiltekið í fyrrnefnda samningnum að veiðiréttur fylgi með í kaupunum, telur matsnefnd engin efni til að fallast á fyrrnefnd sjónarmið um að veiðirétturinn tilheyri hinni 0,2 ha spildu. Verður arði vegna veiðiréttarins því úthlutað annars vegar til spildu úr Stóra-Fljóti, landnr. 167511, og hins vegar til Fljótshamra, landnr. 175206.

Eins og fram kemur í kafla 8.3 hér að framan telja eigendur Vegatunga að jörðin hafi upphaflega verið hluti af Torfastöðum en þegar heimalandi jarðanna hafi verið skipt hafi veiðiréttindin í Tungufljóti verið áfram í óskiptri sameign jarðanna að jöfnum hlut. Eigendum Torfastaða var með bréfi, dags. 26. ágúst 2014, gefinn kostur á að láta í ljós afstöðu sína vegna þessa máls en ekkert svar hefur borist. Með hliðsjón af fram komnum

gögnum, þar á meðal upplýsingablaði frá formanni deildarinnar, telur matsnefnd vísbendingar um að Vegatunga eigi veiðirétt í Tungufljóti á móti Torfastöðum. Ekki verður þó ráðið hvernig skiptingu veiðiréttarins er háttað milli þessara aðila. Matsnefnd telur því rétt að úthluta arði sameiginlega á þessar jarðir án þess að nokkur afstaða sé til þess tekin hvort og þá hvernig skipting hans skuli vera milli þeirra innbyrðis.

9.2 Aðstaða til veiði

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiði. Telur nefndin að jarðir sem leggja af eða hafa lagt af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild viðkomandi jarðar í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Í mati þessu er gengið út frá því að netaveiðar séu ekki stundaðar og að allur veiðiréttur sé leigður út.

Við mat á aðstöðu til stangveiði hefur matsnefnd almennt byggt á skilagreinum frá veiðifélögum um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum á tilteknu viðmiðunartímabili árin á undan. Hér háttar hins vegar svo til að slíkar skilagreinar liggja ekki fyrir þannig að á verði byggt. Með tilliti til þessa leitaði matsnefnd til forsvarsmanns fyrrverandi leigutaka árinna, Árna Baldurssonar, í því skyni að hann svaraði spurningum nefndarinnar um veiði á einstökum svæðum árinna. Að fenginni þeirri umsögn hans, og að virtri aðstöðu til veiða eftir skoðun nefndarinnar á vettvangi, er það niðurstaða hennar að úthluta beri veiðiréttareigendum einingum fyrir þennan þátt með tilliti til mældrar landlengdar þar sem einstökum svæðum er gefið mishátt vægi með tilliti til ætlaðrar veiði. Þannig fær efsta svæðið, þ.e. 1.000 m bakki árinna neðan við Faxa, vægið 1. Næstu 1.000 m þar fyrir neðan fá vægið 0,8. Þá fær 1.000 m bakki ofan við ármótin við Hvítá vægið 0,8 en aðrir bakkar matssvæðisins vægið 0,5. Er niðurstaða matsnefndar sú að hæfilegt sé að skipta þannig 3.000 einingum milli veiðiréttareigenda vegna þessa þáttar.

9.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns. Við úthlutun eininga vegna landlengdar hefur matsnefnd byggt á mælingum á bakkalengd veiðivatns og lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga eftir því hvar á vatnasvæðinu bakkinn er. Hefur í því tilliti aðallega verið horft til vatnsmagns árinna.

Á fyrrgreindum fundi, þegar mál þetta var tekið fyrir fyrsta sinni, kynnti stjórn Tungufljótsdeildar lengdarmælingu af ánni sem Sigurgeir Skúlason vann. Við vinnslu málsins og eftir skoðun matsnefndar á neðsta svæði árinna fór nefndin fram á það við stjórnina að hún skýrði nánar hvar neðri mörk félagssvæðisins væru. Í framhaldi þess barst nefndinni ný mæling af neðsta svæði árinna í samræmi við ákvörðun stjórnarinnar um þessi mörk.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 5.000 einingum milli veiðiréttareigenda út frá landlengd og að bakkar árinna fái allir sama vægi vegna þessa þáttar með hliðsjón af jöfnu vatnsmagni og aðstæðum öllum á matssvæðinu.

9.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Hrygningar- og uppeldisskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Taka ber tillit til þessa þáttar við gerð arðskrár skv. c-lið 2. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 og hefur við mat hans verið stuðst við mat sérfræðinga á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis sé það fyrirbyggjandi.

Fyrir liggur skýrsla Magnúsar Jóhannssonar og Benónýs Jónssonar, starfsmanna Veiðimálastofnunar, sem ber heitið Búsvæðamat fyrir laxfiska í Tungufljóti í Biskupstungum, VMST/12030, sem út kom í júlí 2012. Mat þetta var unnið á árinu 2010 fyrir Veiðifélag Árnesinga á vatnasvæði Tungufljóts og þveráa þess. Þar er Tungufljóti skipt í kafla með áþekkri botngerð og tekin snið á hverjum kafla eftir fyrir fram ákveðinni aðferð. Við mat á gerð botnsins var grófleiki hans flokkaður í fimm flokka. Hæsta gildi fékk smágrýti með 7-20 cm kornastærð, en þar á eftir mól og stórgrýti. Fram kemur að framleiðslugildi (FG) hafi verið reiknað út frá botngerðarflokkum sem gefið hafi verið ákveðið gildi, botngildi, eftir mikilvægi þeirra sem búsvæða fyrir laxfiska. Jafnframt kemur fram að hverjum kafla hafi verið reiknaðar svokallaðar framleiðslueiningar (FE), sem sé margfeldi flatarmáls árbotnsins og framleiðslugildis fyrir botngerð deilt með 1.000. Framleiðslueiningar fyrir lax hafi síðan verið margfaldaðar með hitastuðli.

Þeir árkaflar sem tilheyra félagssvæði Tungufljótsdeildarinnar, þ.e. neðan fossins Faxa og til ármótanna við Hvítá, eru merktir í búsvæðamatinu sem kaflar TVIII og TIX. Er tiltekið að sá fyrrnefndi hefjist við Faxa og sé í lágu gljúfri, 917 m að lengd. Séu búsvæði laxfiska þar einkum með bökkum og smágrýti og stórgrýti sé einkennandi í botni. Fram kemur að kaflinn fái 324 FE fyrir lax og 554 fyrir urriða. Á síðarnefnda kaflanum er botn sagður fíngerðari, áin grynist og farvegurinn breikki. Botninn sé því ekki sérlega hentugur fyrir uppeldi seiða laxfiska en henti betur urriða en laxi. Í skýrslunni kemur fram að framleiðslueiningar fyrir lax á fyrstu 917 metrunum neðan við Faxa séu 0,35 á lengdarmetra og 0,62 fyrir urriða. Á svæðinu þar neðan við séu framleiðslueiningar 0,06 fyrir lax en 0,13 fyrir urriða.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 1.800 einingum milli veiðiréttareigenda á vatnasvæði Tungufljótsdeildar vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir lax og 200 einingum vegna uppeldisskilyrða fyrir urriða. Þessum einingum er skipt milli jarða á grundvelli búsvæðamatsins og framleiðslueiningum á hvern lengdarmetra er skipt á landareignir miðað við þá tölu og bakkalengd hvernar jarðar.

10. Aðrir þættir

10.1 Seiðasleppingar

Í áðurnefndri skýrslu um búsvæðamat kemur fram að frá árinu 2003 hafi verið sleppt umtalsverðu magni af laxagönguseiðum í sleppitjarnir á vatnasvæði Tungufljóts, einkum ofan við fossinn Faxa. Hafi árlegur fjöldi þeirra síðustu árin verið 55-75 þúsund seiði og hafi þessar sleppingar gefið talsverða laxveiði í ánni, sem fyrir hafi verið mjög lítil. Þannig hafi samkvæmt veiðiskýrslum veiðst 556 laxar á stöng í Tungufljóti sumarið 2007,

2.854 sumarið 2008, 1.515 sumarið 2009, 1.076 sumarið 2010 og 124 laxar sumarið 2011. Síðustu ár hefur hins vegar dregið verulega úr veiðum, m.a. vegna þess að dregið hefur verið úr seiðasleppingum.

Með hliðsjón af framangreindu sýnist ljóst að seiðasleppingar hafa haft umtalsverð áhrif á laxveiði í Tungufljóti en engin rök standa hins vegar til þess að láta þær hafa áhrif á skiptingu arðs milli einstakra veiðiréttareigenda í mati þessu.

10.2 Laxastigar og/eða fiskivegir

Fyrir liggur að laxastigi er í fossinum Faxa sem byggður var árið 1975. Engar kröfur eða upplýsingar hafa komið fram sem leiða til þess að taka beri tillit til sérstakra áhrifa hans á veiði á matssvæðinu.

11. Sundurliðun eininga

| Matseining | Land | Veiði | Búsvæði | Alls |
|------------------------------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Höfði | 439 | 283 | 136 | 858 |
| Hrosshagi | 73 | 38 | 22 | 133 |
| Torfastaðir með Vegatungu | 429 | 224 | 132 | 785 |
| Reykjavellir | 42 | 22 | 13 | 77 |
| Brautarhóll og Litla-Fljót 1 og 2 | 186 | 97 | 57 | 340 |
| Stóra-Fljót landnr. 167511 | 54 | 28 | 17 | 99 |
| Fljótshamrar landnr. 175206 | 77 | 40 | 24 | 141 |
| Norðurbrún | 76 | 40 | 24 | 140 |
| Fell | 358 | 187 | 110 | 655 |
| Fellskot | 358 | 187 | 111 | 656 |
| Vatnsleysa I-III og Heiði | 654 | 484 | 431 | 1.569 |
| Tungueyja (mæld bakkalengd 1823 m) | 313 | 217 | 96 | 626 |
| Lambhúskot | 223 | 116 | 69 | 408 |
| Hvítárþakki | 33 | 17 | 10 | 60 |
| Bræðratunga 1 og Bræðratunga 2 | 132 | 69 | 41 | 242 |
| Ásakot 1 og Ásakot 2 | 100 | 52 | 31 | 183 |
| Galtalækur | 296 | 154 | 91 | 541 |
| Krókur | 387 | 201 | 119 | 707 |
| Borgarholt | 381 | 198 | 117 | 696 |
| Bergstaðir | 389 | 346 | 349 | 1.084 |
| | 5.000 | 3.000 | 2.000 | 10.000 |

12. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 3.118.080 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga og rennur hann í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Tungufljótsdeild í Veiðifélagi Árnesinga skal vera sem hér greinir:

| | Einingar |
|--|----------|
| Höfði | 858 |
| Hrosshagi | 133 |
| Torfastaðir með Vegatungu | 785 |
| Reykjavellir | 77 |
| Brautarhóll og Litla-Fljót 1 og 2 | 340 |
| Stóra-Fljót landnr. 167511 | 99 |
| Fljótshamar landnr. 175206 | 141 |
| Norðurbrún | 140 |
| Fell | 655 |
| Fellskot | 656 |
| Vatnsleysa I, Vatnsleysa II, Vatnsleysa III og Heiði | 1.569 |
| Tungueyja (mæld bakkalengd 1823 m) | 626 |
| Lambhúskot | 408 |
| Hvítárbakki | 60 |
| Bræðratunga 1 og Bræðratunga 2 | 242 |
| Ásakot 1 og Ásakot 2 | 183 |
| Galtalækur | 541 |
| Krókur | 707 |
| Borgarholt | 696 |
| Bergstaðir | 1.084 |
| | |

Samtals 10.000

Úrskurður kveðinn upp 22. október 2014,
ásamt breytingu skv. ákvörðun um endurupptöku, dags. 8. desember 2014.

Hulda Rós Rúriksdóttir

sign.

Ásgeir Magnússon

sign.

Magnús Ólafsson

sign.

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Upplýsingar frá Veiðimálastofnun um veiði í Tungufljóti í Biskupstungum á árunum 2003-2012.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Fiskirannsóknir á Tungufljóti í Biskupstungum 2010, Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, Veiðimálastofnun.
2. Búsvæðamat fyrir laxfiska í Tungufljóti í Biskupstungum, Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, Veiðimálastofnun.
3. Bakkalengdarmæling, afhent matsnefnd 7. nóvember 2011.
4. Viðbót við bakkalengdarmælingu, afhent 20. maí 2014.

C. Arðskrár

1. Arðskrá fyrir Veiðifélag Árnesinga 1940.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf Garðars Garðarssonar hrl., f.h. eigenda Vegatungu, dags. 30. apríl 2013.
- Yfirlit úr Þjóðskrá Íslands vegna jarðarinnar Vegatungu.
2. Bréf Einars Þórketils Einarssonar, f.h. eigenda jarðanna Litla-Fljóts 1 og 2, dags. 29. apríl 2013, ásamt fylgigögnum:
- Landamerkjabréf vegna Stóra-Fljóts, dags. 6. júní 1885.
- Landamerkjabréf vegna Litla-Fljóts, dags. 1. október 1885.
- Landskiptagerð vegna Brautarhóls, dags. 16. maí 1935.
- Landskiptagerð vegna Stóra-Fljóts og Litla-Fljóts, dags. 3. júní 1939.
- Yfirlitsmynd með innfærðum merkingum.
3. Bréf Rakelar Ólafar Bergsdóttur vegna Stóra-Fljóts, dags. 28. apríl 2013.
4. Bréf Páls Ólafssonar hdl. vegna eiganda jarðarinnar Norðurbúrinnar, dags. 22. apríl 2013.
5. Bréf Gunnars Briem, f.h. 8/9 hluta eigenda jarðarinnar Fells, dags. 29. apríl 2013, ásamt fylgigögnum:
- Afrit af beiðni til Lagastofnunar um álitserð, dags. 28. nóvember 2011.
- Afrit bréfs til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 6. mars 2012.
- „Viðbótarupplýsingar.“
- Álitserð Karls Axelssonar, dags. 26. mars 2012.
- Umsögn Gunnars Briem um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, dags. 1. desember 2012.
6. Bréf Ólafs J. Bjarnasonar, f.h. eigenda Bergstaða, móttakið 7. maí 2013.
7. Bréf Páls Arnórs Pálssonar hrl. f.h. eigenda Bergstaða, dags. 24. júní 2014.

E. Gögn sem matsnefnd hefur aflað

1. Kort vegna eignarhalds og lóðarmarka Stóra-Fljóts, dags. 12. janúar 2012.
2. Landupplýsingar úr Fasteignamati ríkisins vegna jarðarinnar Brautarhóls.
3. Stofnskjal vegna jarðarinnar Brautarhóls, þinglýst 28. apríl 2006, ásamt meðfylgjandi teikningum.
4. Landupplýsingar úr Fasteignamati ríkisins vegna Stóra-Fljóts, landnr. 176483.
5. Afsal vegna Stóra-Fljóts, landnr. 176483.
6. Landupplýsingar úr Fasteignamati ríkisins vegna Stóra-Fljóts, landnr. 167511.
7. Kaupsamningur vegna Stóra-Fljóts, landnr. 167511, dags. 18. apríl 1944.
8. Landupplýsingar úr Fasteignamati ríkisins vegna Fljótshamra, landnr. 175206.
9. Kaupsamningur/afsal vegna Fljótsholts, þinglýst 13. desember 2000.
10. Bréf landbúnaðarráðuneytisins vegna landskipta á jörðinni Stóra-Fljóti, dags. 5. desember 2000.
11. Fundargerð fyrsta aðalfundar Tungufljótsdeildar 12. apríl 2010.

F. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf Arnars Þórs Jónssonar hdl., f.h. eigenda Bergstaða, dags. 11. júní 2010. Beiðni um arðskrá.
2. Bréf matsnefndar til matsbeiðenda, dags. 5. júlí 2010. Tilkynnt um seinkun fyrirtöku máls.

3. Bréf matsnefndar til Tungufljótsdeildar veiðifélags Árnésinga, dags. 29. ágúst 2011. Beiðni um gögn.
4. Bréf matsnefndar til Tungufljótsdeildar veiðifélags Árnésinga, dags. 29. ágúst 2011. Boðun fundar til fyrstu fyrirtöku máls.
5. Bréf til veiðiréttareigenda, dags. 5. apríl 2014. Gefinn kostur á að koma að upplýsingum/greinargerðum.
6. Fundargerð fundar í Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnésinga 4. nóvember 2011.
7. Mætingaskrá fundar í Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnésinga 4. nóvember 2011.
8. Umboð, dags. 2. nóvember 2011, vegna jarðarinnar Fells.
9. Samþykkt fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnésinga.
10. Listi frá formanni Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnésinga yfir landeigendur í félaginu.
11. Afrit bréfs matsnefndar til Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnésinga, dags. 24. janúar 2014.
12. Tölvupóstur matsnefndar til formanns Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnésinga, dags. 21. júlí 2014.
13. Tölvupóstur formanns Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnésinga til matsnefndar, dags. 23. júlí 2014.
14. Afrit bréfs matsnefndar til eigenda Torfastaða, dags. 26. ágúst 2014.
15. Afrit bréfs matsnefndar til eigenda Brautarhóls, dags. 26. ágúst 2014.
16. Tölvupóstur vegna upplýsinga um leigusamning, dags. 10. október 2014.
17. Fyrirspurn vegna eignarhalds Tungueyju, beint til veiðifélags.

Árið 2014, mánudaginn 8. desember, kom matsnefnd skv. lögum um lax og silungsveiði nr. 61/2006 saman til fundar að Laugavegi 3, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Endurupptaka á úrskurði um arðskrá fyrir Tungufljótsdeild í Veiðifélagi Árnesinga, sem kveðinn var upp 22. október 2014, að því er varðar úthlutun eininga til jarðanna Vatnsleysu I, Vatnsleysu II, Vatnsleysu III og Heiði.

Með bréfi, sem barst nefndinni 10. nóvember 2014, frá eigendum Vatnsleysu II var farið fram á að arðskrá fyrir Tungufljótsdeild verði leiðrétt að því er varðar úthlutun eininga til jarðanna Vatnsleysu I, Vatnsleysu II, Vatnsleysu III og Heiði með tilliti til þess að öll hlunnindi á jörðunum væri sameiginleg. Með bréfi eiganda Vatnsleysu I og III, dags. 12. sama mánaðar, var því lýst yfir að hlunnindi framangreindra jarða væru sameiginleg og skiptust í fjóra jafna hluta.

Í tilefni af framangreindum erindum sendi matsnefnd eiganda að jörðinni Heiði bréf, dags. 19. nóvember 2014, þar sem óskað var afstöðu hans til framangreindra fullyrðinga. Í bréfi eigandans, dags. 30. sama mánaðar, staðfesti hann að hlunnindi jarðanna séu sameiginleg.

Í ljósi framangreindra upplýsinga tekur matsnefnd þá ákvörðun að endurupptaka úrskurð sinn um arðskrá fyrir Tungufljótsdeild í Veiðifélagi Árnesinga, sem kveðinn var upp 22. október 2014, að því er varðar úthlutun eininga til jarðanna Vatnsleysu I, Vatnsleysu II, Vatnsleysu III og Heiði. Fallist er á sjónarmið eigenda jarðanna um að úthluta beri einingum til jarðanna í einu lagi og breytist úrskurður um arðskrá fyrir Tungufljótsdeild í samræmi við það.

Úrskurðarorð þannig breytt verða birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík 8. desember 2014

Hulda Rós Rúriksdóttir
sign.

Ásgeir Magnússon
sign.

Magnús Ólafsson
sign.